

Ed.

545. Breytingartillögur

[21. mál]

við frv. til laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við 13. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.
2. Við 15. gr. Fyrir orðin „og skal hún þá breyta fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveða hreppnum“ komi: og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum.
3. Við 17. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.
4. Við 32. gr. Niðurlag greinarinnar „ef handvömm er um að kenna“ falli niður.
5. Við 66. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.